

myPhonak

Notendahandbók – myPhonak 6



A Sonova brand

PHONAK
life is on

Hafist handa

myPhonak er forrit þróað af Sonova, sem er leiðandi fyrirtæki í heyrnarlausnum með höfuðstöðvar í Zürich í Sviss. Lestu notendaleiðbeiningarnar vandlega til að geta nýtt þér alla þá fjölbreyttu möguleika sem forritið hefur upp á að bjóða.



Í þessari notendahandbók er eiginleikum myPhonak lýst og útskýrt hvernig notandi getur nýtt sér þessa eiginleika. Lestu þessa notendahandbók áður en þú byrjar að nota forritið.

Ekki er þörf á frekari þjálfun við notkun forritsins



Upplýsingar um samhæfi:

Til að nota myPhonak-forritið þarftu að vera með Phonak-heyrnartæki með Bluetooth® tengingu.

Hægt er að nota myPhonak í sínum með Bluetooth® Low Energy (LE) getu sem keyra iOS®-útgáfu 15 eða nýrri.

Hægt er að nota myPhonak í Android™-tækjum sem vottuð eru af farsímapjónustu Google (GMS) og styðja Bluetooth® 4.2 og Android OS 8.0 eða nýrri útgáfur.

Bluetooth®-orðmerkið og -myndmerkin eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun Sonova AG á slíkum merkjum fer fram á grundvelli leyfisveitingar.

iPhone® er vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Android er vörumerki Google LLC.


iOS® er skráð vörumerki Cisco Systems, Inc. og/eða hlutdeildarfélagi þess í Bandaríkjunum og ákveðnum öðrum löndum.

Efnisyfirlit

Stutt yfirlit	3
Uppsetning á myPhonak	4
Uppsetning og umsjón reiknings með myPhonak	5
Pörun við Phonak-heyrnartæki	6
Úrræðaleit við pörun	7
Heimasvæði - yfirlit fjarstýringar	8
Heimasvæði - ítarlegar stillingar á fjarstýringu	10
Ítarlegar stillingar á fjarstýringu - úrræðaleit	12
Heilsufar	13
Tæki	18
Þjónusta og fjarþjónustulota	19
Hefja fjarþjónustulotu	20
Úrræðaleit í fjarþjónustulotu	21
Mikilvægar öryggisupplýsingar	22
Upplýsingar um samhæfi	26
Skýringar á táknum	26

Stutt yfirlit

Fjarstýring



Yfirlit


Fjarþjónusta



*Aðeins fyrir heyrnartæki sem hægt er að hlaða


Uppsetning á myPhonak

- Tengdu snjallsímann þinn við netið í gegnum WiFi eða farsímaögn
- Kveiktu á Bluetooth® í snjallsímanum




Sækja myPhonak

Sæktu forritið í netversluninni. Opnaðu forritið eftir að það hefur verið sett upp.




Opnaðu forritið

Þegar forritið er opnað í fyrsta skipti getur þú fengið kynningu á notkun þess. Ef þú vilt það ekki skaltu smella á **Sleppa kynningu**.



Persónuverndarstefna


Til að geta nota forritið þarftu að haka í reitinn eftir að hafa lesið persónuverndaryfirlýsinguna og skilmálana. Smelltu síðan á **Halda áfram**.



Vöruumbætur

Þú getur valið að deila gögnum um notkun, sem gerir okkur kleift að afla okkur þekkingar og bæta vörurnar okkar. Unnið verður með gögnin þín eins og lýst er í persónuverndaryfirlýsingu og ekki er hægt að rekja þau til þín.


Uppsetning og umsjón reiknings með myPhonak



Stofna reikning

Þú getur valið að stofna myPhonak-reikning. Nauðsynlegt er að stofna reikning til að hafa aðgang að heilsufarseiginleikum forritsins.


Ef þú ert þegar með reikning skaltu smella á **Innskráning***.



Hlutinn Prófill

Á prófilskjámyndinni er hægt að breyta prófilupplýsingum og stilla kjörstillingar sem tengjast Heilsufar.

Ef þú vilt skrá þig úr forritinu skaltu pikka á **Útskráning**.




Persónulegar upplýsingar

Þú getur breytt persónuupplýsingum þínum undir „Persónulegar upplýsingar“ og breytt öryggisupplýsingum. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum skaltu ýta á **Eyða reikningi**. Þú þarft að slá inn aðgangsorðið þitt til að staðfesta aðgerðina.

* Sjá upplýsingar um úrræðaleit undir Algengar spurningar: <https://product-support.phonak.com/>


Pörun við Phonak-heyrnartæki

Fylgdu eftirfarandi leiðbeiningum til að tengja heyrnartæki með Bluetooth®-tengingu við myPhonak.




Pörunarleiðbeiningar

Pikkaðu á **Hefjumst handa** og farðu eftir leiðbeiningunum fyrir heyrnartækin þín.




Leitar

Forritið er að leita að samhæfum heyrnartækjum og sýnir þau þegar þau finnast. Þetta getur tekið nokkrar sekúndur. Pikkaðu á tækið sem á að tengja þegar tækin birtast.




Heyrnartækin pöruð

Forritið tengist nú hvoru heyrnartæki fyrir sig.



Staðfesta fyrir öll tæki

Staðfestu pörun í Apple-tækjum með því að pikka á **Para** í sprettiglugganum fyrir hvert tæki fyrir sig.




Viðbótareiginleikar

Þegar heyrnartækin hafa verið pöruð er hægt aðpara saman heyrnartæki til að taka á móti símtölum og streyma tónlist. Pikkaðu á **Halda áfram** efrúvilt sleppa þessari viðbótarpörun.

Úrræðaleit við pörun


Mögulegar villur í uppsetningarferlinu.

Nánari upplýsingar um úrræðaleit er að finna á þjónustusíðu Phonak á <https://www.phonak.com/myphonakapp>




Ósamhæf tæki

Forritið getur ekki tengst heyrnartækjunum því þau eru ekki samhæf. Hafðu samband við heyrnarsérfræðinginn þinn til að fá frekari upplýsingar.




Villa í tengingu við heyrnartæki

Ef pörun við annað hvort heyrnartækið tekst ekki getur þú pikkað á **Reyna aftur** til að hefja pörunarferlið upp á nýtt.



Tenging við bæði heyrnartæki mistekst

Pikkaðu á **Reyna aftur** til að hefja pörunarferlið upp á nýtt og gættu þess að fylgja leiðbeiningunum.




Staðsetning

Í Android-tækjum þarf að kveikja á staðsetningarþjónustu í fyrsta sinn sem parað er við Bluetooth-tæki. Eftir fyrstu uppsetningu er hægt að slökka aftur á staðsetningarþjónustu.


Heimasvæði - yfirlit fjarstýringar

Virkni í boði fyrir öll heyrnartæki.




Stilla hljóðstyrk heyrnartækja

Renndu þessum sleða upp til að auka hljóðstyrkin og niður til að draga úr honum. Ef þú ert með tvö heyrnartæki stjórnar þessi sleði báðum tækjum á sama tíma.




Skipta hljóðstyrknum

Ýttu á táknið **Skipta** til að breyta hljóðstyrk fyrir hvort heyrnartæki fyrir sig.



Hljóð af

Pikkaðu á **Hljóð af** til að taka hljóðið af heyrnartækinu/ heyrnartækjunum.




Aðgangur að kerfum

Opnaðu hljóðkerfin beint af heimasvæði forritsins. Strjúktu yfir kerfissleðann til að velja kerfið sem hentar þér og pikkaðu á það kerfi sem þú vilt velja. Veldu á milli:


- ☑ Sjálfvirkt kerfi
- ⊗ Kerfi sem heyrnarsérfræðingurinn hefur búið til
- ☆ Kerfi sem þú hefur búið til

Heimasvæði – yfirlit fjarstýringar*




Fleiri stillingar

Við straumspilun getur þú aðlagð fleiri stillingar, svo sem eyrnasuðsdeyfi og jafnvægi umhverfishljóða, það fer þó eftir því hvernig heyrnartækin voru forrituð og hvaða þráðlausa aukabúnað þú ert með.




Dæmi

Til dæmis, ef heyrnartækin þín styðja eyrnasuðseiginleika og þú ert að nota straumspilunarkerfi getur þú stillt hvort tveggja á viðkomandi skjámyndum.




Eyrnasuðsdeyfir

Ef þú ert með eyrnasuð (e. tinnitus) og hefur fengið leiðbeiningar um notkun á eyrnasuðsdeyfinum frá heyrnarsérfræðingi getur þú stillt hljóðstyrkinn á deyfandi hljóðinu.



Jafnvægi umhverfishljóða

Ef þú notar ytri streymisbúnað (t.d. sjónvarpstengi eða tónlistarspilara) getur þú stillt hvort meiri áhersla sé lögð á streymda hljóðið eða umhverfishljóð.




Hleðsla rafhlöðu

Fyrir heyrnartæki sem hægt er að hlaða er hægt að sjá hleðslustöðuna hverju sinni. Ef hleðslustaða rafhlöðu er undir 20% verður merkið rautt. Þú þarft fjótlega að hlaða heyrnartækið.


*Heyrnarsérfræðingurinn veitir þér nánari upplýsingar um eiginleika og samhæfi heyrnartækja.

Heimasvæði - ítarlegar stillingar á fjarstýringu




Lagfæra kerfi

Með því að pikka á **Lagfæra kerfi** getur þú stillt valið kerfi með ítarlegum hljóðstillingum.



Kerfisstillingar


Þú getur stillt valið kerfi með ýmsum hætti. Notaðu sleðana til að stilla hvert fyrir sig: forstillingar tónjafnara, hljóðstyrk, suðhreinsun, viðtakandi í tali og breytilega stjórnun.



Forstillingar tónjafnara

Forstillingar tónjafnara gera þér kleift að stilla hljóðhæð með hliðsjón af umhverfshljóðum hverju sinni.


Pikkaðu á tónjafnaratáknid til að framkvæma ítarlegri stillingar.




Stillingar tónhæðar

Breyttu tónhæð (tíðni) með því að nota sleðana. Ýttu á **Loka** til að fara aftur í stillingar.


Heimasvæði – ítarlegar stillingar fjarstýringar – búa til nýtt kerfi eða uppfæra kerfi sem þegar er til*




Persónulegar stillingar
Þegar kerfi sem þegar er til staðar hefur verið stillt getur þú valið að uppfæra það með því að pikka á **Uppfæra** eða vista það sem nýtt kerfi með því að pikka á **Vista sem nýtt**.



Persónulegri stillingu gefið heiti
Þú getur vistað persónulegar stillingar sem nýtt kerfi og gefið því heiti að eigin vali.





Ógilt heiti á kerfi
Ekki má nota sama heiti og fyrir annað kerfi, ekki má heldur sleppa því að gefa kerfi heiti. Gild heiti mega ekki innihalda fleiri en 22 stafi og mega ekki vera byggð upp af bilum eingöngu.



Kerfi vistað
Þegar nýtt kerfi hefur verið vistað er því bætt við kerfalistann þinn og þú færð upplýsingar um fjölda lausra plássna sem eftir eru á listanum. Ýttu á **Lokið** til að fara til baka á heimasvæði fjarstýringar.

*Aðeins í boði í tilteknum heyrnartækjum



Ítarlegar stillingar á fjarstýringu – úrræðaleit



Hámarksfjöldi kerfa náð – hámarksfjöldi sömu grunnkerfa

Þú getur að hámarki verið með fjögur kerfi sem byggjast á sama grunnkerfi.

Ef þessu hámarki er náð getur þú skipt eldra kerfi út fyrir nýtt með því að pikka á **Umsjón**.




Hámarksfjöldi kerfa náð – hámarksfjöldi kerfa

Þú getur að hámarki verið með 10 sérsniðin kerfi vistuð í kerfislistanum þínum.

Ef þessu hámarki er náð getur þú skipt eldra kerfi út fyrir nýtt með því að pikka á **Umsjón**.


Heilsufar – uppsetning

Sumir þeirra heilsufarseiginleika sem lýst er hér eru aðeins í boði með ákveðnum heyrnartækjum. Nánari upplýsingar eru á phonak.com.



Nýskráning


Til að fá aðgang að heilsufarseiginleikum þarft þú að skrá þig inn með myPhonak-reikningnum þínum.



Kveikja á





staðsetningarþjónustu

Kveiktu á staðsetningarþjónustu í iPhone-símanum þínum til að hægt sé að samstillja gögn með stuttu millibili og bæta þannig gæði þeirra heilsufarsgagna sem fylgst er með. Ef þú leyfir ekki staðsetningarþjónustu getur þú ekki fylgst með heilsufarsgögnunum þínum.



Opna Heilsufar

Þegar uppsetningu er lokið getur þú opnað heilsufarsstjórnborðið (heimasvæði fyrir heilsufarseiginleika).



Efni á stjórnborði heilsufarseiginleika

Á stjórnborði heilsufarseiginleika getur þú:

- Fengið aðgang að heilsufarseiginleikum sem heyrnartækin þín styðja og séð tölurnar þínar breytast í rauntíma*
- Séð hvernig þú nálgast markmiðin þín ef þú hefur sett upp markmið
- Séð heilsufarsá bendingar (meðmæli með öðrum heilsufarstengdum forritum)

Dæmi um hvernig þér gengur að ná markmiðum þínum





Ef þú hefur sett þér markmið birtist grænn hringur utan um tákni sérhvers eiginleika sem sýnir þér hvernig þér gengur að ná markmiðunum. Ef þú hefur náð árangri fram yfir markmiðin þín birtist annar hringur utan um táknið.

Tenging við heyrnartækin þín

Mundu að forritið þarf að vera tengt við heyrnartækin þín svo þú getir séð framvindu heilsufarsmarkmiðanna breytast í rauntíma. Með því að samstillta forritið oft við heyrnartækin færðu upplýsingar sem eru nákvæmari í tíma. Ef tenging rofnar eða ef ekki er hægt að samstillta gögnin færð þú tilkynningu og þér verður beint á vefsvæðið „Algengar spurningar“ til að leiðbeina þér um framhaldið.

* Til að geta fylgst með skrefum í rauntíma í heilsufarseiginleikanum þurfa notendur með samhæf Paradise Audéo R og Audéo RT heyrnartæki að uppfæra þau í nýjstu fastbúnaðarútgáfu. Notendur Naida P-PR heyrnartækja geta séð notkunartíma í rauntíma og uppfærslur á skrefafjölda á klukkutíma fresti.

Yfirlit yfir ítarlega heilsufarseiginleika – notkunartími, skref, virknistig*, vegalengd sem er gengin, vegalengd sem er hlaupin**



Notkunartími

Með því að smella á spjalðið „notkunartími“ á stjórnborðinu opnast graf sem sýnir daglegan notkunartíma. Sjáðu yfirlit yfir viku, mánuð eða ár með því að pikka á viðkomandi flipa, sem verður þá grænn.

Ef þú notar tvö heyrnartæki sýnir grafið gildi fyrir bæði heyrnartækin. Fyrir neðan grafið sérð þú núverandi gildi (fyrir daglegt yfirlit) eða meðalgildi (fyrir yfirlit annað en daglegt yfirlit), ásamt því að sjá sundurliðaðan tíma eftir mismunandi hljóðumhverfi.

*Fyrir öll Audéo Paradise-heyrnartæki sem hægt er að hlaða, Phonak Audéo Fit-heyrnartæki og öll Phonak Lumity-heyrnartæki sem hægt er að hlaða

**Fyrir öll Phonak Audéo Fit-heyrnartæki og öll Phonak Lumity-heyrnartæki sem hægt er að hlaða


Skref, virknistig og vegalengd

Með því að smella á spjalðið „skref“ á stjórnborðinu opnast graf sem sýnir daglegan skrefafjölda. Sjáðu yfirlit yfir viku, mánuð eða ár með því að pikka á viðkomandi flipa, sem verður þá grænn.

Fyrir neðan grafið sérð þú núverandi gildi (fyrir daglegt yfirlit) eða meðalgildi (fyrir yfirlit annað en daglegt yfirlit) ásamt því að sjá vegalengdina sem þú gekkst eða hljópst**.

Virknistigið sýnir tímann þar sem engin hreyfing, hreyfing með lítilli ákefð (einhver hreyfing), hreyfing með meðalmikilli ákefð (ganga) eða hreyfing með mikilli ákefð (hlaup) greindist.

Yfirlit yfir ítarlega heilsufarseiginleika – hjartsláttartíðni*



Rakning á hjartsláttartíðni (HR)

Allar gerðir yfirlita sýna núverandi hjartslátt. Daglega yfirlitið sýnir m.a. hvíldarpúls (Resting Heart Rate, RHR) og sveiflur í hjartsláttartíðni á hverri klukkustund. Vikulega yfirlitið sýnir m.a. meðalhvíldarpúls (RHR) hvern dag, núverandi hjartslátt (HR) og sveiflur í hjartsláttartíðni dag fyrir dag.

Vikulegt, mánaðarlegt og árlegt yfirlit sýnir:


- Daglegt yfirlit - sundurgreining fyrir hverja klukkustund fyrir sig (reglulegar og beinar mælingar á hjartslætti, hæsti og lægsti púls hverrar klukkustundar fyrir sig, lægsti hvíldarpúls hvers dags).
- Vikulegt / mánaðarlegt / árlegt yfirlit - dagleg / vikuleg / mánaðarleg sundurgreining hæsta og lægsta púls og hæsta og lægsta hvíldarpúls

Nánari upplýsingar

Smelltu á táknið (i) efst í hægra horninu á skjánum til að sjá nánari upplýsingar og heimildir um hjartsláttartíðni og af hverju það er mikilvægt að fylgjast með hvíldarpúlsi.

*Aðeins fyrir Phonak Audéo Fit™ heyrnartæki

Heilsufar – Aðrir eiginleikar*



Markmið sett, þeim breytt og þau fjarlægð*


Þú ræður hvort þú setur þér markmið um skrefafjölda og notkunartíma. Þú getur sett þessi markmið upp við uppsetningu á heilsufarsvöktun, á stjórnborði heilsufarsvöktunar eða í ítarlegu yfirliti yfir þessa eiginleika.

Smelltu á hnappinn „Setja markmið“ eða „Breyta markmiði“ til að sjá skjámyndirnar sem sýndar eru í dæminu hér að ofan. Sláðu inn gilda tölu fyrir notkunartíma eða skrefafjölda og pikkaðu á „Setja markmið“ til að vista breytingarnar. Ef þú vilt eyða markmiði skaltu pikka á „Fjarlægja markmið“.

Ábendingar


Smelltu á einhvern punkt á stikunum á grafinu til að sjá nákvæm gildi, þau birtast á hvítum borða (ábending).

*Fyrir öll Audéo Paradise-heyrnartæki með hleðslurafhlöðu, Phonak Audéo Fit-heyrnartæki, Phonak Audéo Lumity-heyrnartæki og Phonak Slim-heyrnartæki.




Heimasvæði tækja

Í hlutanum „Tæki“ hefur þú aðgang að öllu sem tengist heyrnartækjunum þínum, t.d. stjórnun kerfa og stillingum tækja. Þú getur einnig séð stöðu rafhlöðunnar ef þú ert með heyrnartæki sem hægt er að hlaða.




Gleyma tækjum

Opnaðu spjaldið „Heyrnartækin þín“ til að fjarlægja tækið/tækin. Skilaboð birtast þegar þú hefur smelt á hnappinn „Gleyma tækinu/tækjunum mínum“ og þar þarft þú að staðfesta að þú viljir fjarlægja tækið eða tækin. Athugaðu að ef þú gerir það þarftu að para heyrnartækin þín aftur til að geta notað forritið.



Stjórnun kerfa

Með því að pikka á „Kerfi heyrnartækisins“ geturðu séð öll tiltæk kerfi. Pikkaðu á eitt kerfi til að breyta heiti þess eða eyða því. Þrjár gerðir kerfa eru tiltækar: sjálfvirk kerfi, kerfi sem heyrnarsérfræðingurinn hefur búið til og sérsniðnu kerfin þín. Ef það er tákni við hliðina á heiti kerfisins þýðir það að þú getur valið viðkomandi kerfi með því að ýta á hnappinn á heyrnartækjunum.



Kerfi heyrnartækisins


Þú getur breytt heiti kerfisins og eytt kerfinu. Þú getur einnig séð hvaða grunnkerfi viðkomandi kerfi tengist. Pikkaðu á **Eyða kerfi** til að eyða kerfinu. Skilaboð birtast og þar þarft þú að staðfesta að það eigi að fjarlægja kerfið.

Þjónusta og fjarþjónustulota



Þjónustuhluti


Í þjónustuskjámyndinni færð þú aðgang að algengum spurningum*, notendahandbók, vefsvæði með kennslumyndböndum, lagaskilmálum og einnig getur þú deilt athugasemdum þínum með okkur. Þú getur einnig opnað fjarþjónustu með því að ýta á „Hefja lotu“.



Fjarþjónusta

Með því að ýta á **Hefja lotu** á þjónustuskjámyndinni getur þú fengið fjarþjónustu hjá heymarsérfræðingnum þínum. Þú verður að skipuleggja fjarþjónustulotuna fyrirfram með heymarsérfræðingnum þínum.

Ýttu á **Hefja fjarþjónustu** til að halda áfram.



Aðgangur að hljóðnema og myndavél


Pikkaðu á „Í lagi“ til að leyfa myPhonak-forritinu að fá aðgang að myndavél og hljóðnema símans.

*Tengill á algengar spurningar: <https://product-support.phonak.com/>


Hefja fjarþjónustulotu




Samþykking myndsímtal
Forritið tengir þig við heyrnarsérfræðinginn, bíddu þar til hann tengist símtalinu.



Símtal í gangi
Eftir nokkrar sekúndur birtist myndin og þú getur bæði séð og heyrt í heyrnarsérfræðingnum. Þú getur tekið hljóðið af, sett hljóðið á, gert mynd óvirka, skipt um myndavélarýsni og lokið símtalinu með stjórnartækjunum.




Tengd heyrnartæki
Ef heyrnarsérfræðingurinn þarf að tengjast heyrnartækjunum getur hann tengst þeim með fjartengingu gegnum snjallsímann þinn. Heyrnarsérfræðingurinn lætur þig vita þegar hann er að tengjast heyrnartækjunum.




Símtali lýkur
Þegar símtalinu er lokið getur þú gefið því einkunn. Ýttu á tengilinn til að senda svörin. Ýttu á **Lokið** til að fara aftur í upphafsskjámynd.

Úrræðaleit í fjarþjónustulotu



Wi-Fi-tenging

Fjarþjónustulotan fer fram með internettengingu. Við mælum með því að nota Wi-Fi til að fá betri gæði.




Tenging við heyrnartæki rofnaði

Þú getur séð tenginguna við heyrnartækin efst á skjánum. Ef heyrnartækin aftengjast verður táknið rautt. Þá þarf heyrnarsérfræðingurinn að tengjast aftur við heyrnartækin þín.



Símtal mistókst

Ef símtal mistekst skaltu ýta á **Í lagi** til að fara aftur á heimasvæðið þar sem þú getur byrjað símtalið aftur.



Yfirstandandi símtali slitið

Ef þú lýkur símtali á meðan það stendur enn yfir birtast þessi skilaboð.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Lestu viðeigandi öryggisupplýsingar á næstu síðum áður en þú byrjar að nota forritið.

Fyrirhuguð notkun:

Forritið er sjálfstæður hugbúnaður sem ætlaður er notendum heyrnartækja til að velja, stilla og vista stillingar heyrnartækjanna, innan afmarkaðs sviðs sem hugbúnaðurinn leyfir. Forritið gerir notendum heyrnartækja jafnframt kleift að tengjast við og eiga samskipti við heyrnarsérfræðinga sem aðstoða þá við stillingar tækjanna í gegnum fjartengingu.

Fyrirhugaður notendahópur:

Tækið er ætlað einstaklingum frá 17 ára aldri með heyrnartap öðru megin eða báðum megin, og það getur verið vægt til alvarlegt heyrnartap. Eyrnasuðseiginleikinn er ætlaður einstaklingum 18 ára og eldri með langvarandi eyrnasuð.

Fyrirhugaður notandi:

Einstaklingur með heyrnartap sem notar samhæft tæki.

Ábendingar:

Athugið að ábendingar koma ekki frá forritinu heldur samhæfu heyrnartækjunum. Almennar klínískar ábendingar fyrir notkun heyrnartækja og eyrnasuðseiginleika eru eftirfarandi:

- Heyrnartap
 - > Á öðru eða báðum eyrum
 - > Leiðniheyrnartap, skyntaugaheyrnartap eða blandað heyrnartap
 - > Vægt til verulegt
- Langvarandi eyrnasuð til staðar (gildir aðeins fyrir tæki með eyrnasuðseiginleika)

Frábendingar:

Athugið að frábendingar koma ekki frá forritinu heldur samhæfu heyrnartækjunum.

Almennar klínískar frábendingar fyrir notkun heyrnartækja og eyrnasuðseiginleika eru eftirfarandi:

- Heyrnartap er meira en svo að heyrnartækin komi að gagni (t.d. mögnun, tíðnisvörðun)
- Brátt eyrnasuð
- Aflögun á eyra (t.d. lokuð hlust, eyrnablöðku vantar)
- Taugaheyrnartap (vandamál tengd kuðungi, svo sem heyrnartaug vantar eða er óvirk)

Þegar sjúklingi er vísað til læknis eða annars sérfræðings og/eða til meðferðar er það gert með hliðsjón af eftirfarandi meginviðmiðum:

- Sýnileg meðfædd aflögun á eyra eða aflögun af völdum slysa eða sjúkdóma;
- Saga um vessa frá eyra á síðustu 90 dögum;
- Saga um skyndilegt eða hratt versnandi heyrnartap á öðru eða báðum eyrum á síðustu 90 dögum;
- Bráður eða langvarandi svimi;
- Beinleiðnimæling sýnir bil sem nemur 15 dB eða meira við 500 Hz, 1000 Hz og 2000 Hz;
- Sýnileg merki um töluverða uppsöfnun eyrnamergs eða aðskotahlut í hlustinni;
- Verkur eða óþægindi í eyra;

- Óeðlilegt útlit á hljóðhimnu og hlust, svo sem:
 - > Bólga í ytri hlust;
 - > Rofin hljóðhimna;
 - > Aðrir kvillar sem heyrnarsérfræðingur telur marktæka

Heyrnarsérfræðingur kann að meta að ekki sé viðeigandi að vísa sjúklingi til læknis þegar eftirfarandi er til staðar:

- Þegar nægileg gögn liggja fyrir um að sérfræðingur hafi rannsakað ástandið til hins ítrasta og að öll möguleg meðferð hafi verið reynd;
- Ástandið hefur ekki versnað eða breyst marktækt frá fyrri rannsókn og/eða meðferð
- Ef sjúklingur hefur gefið og er fær um að gefa upplýst samþykki þess efnis að fara ekki eftir ráðum um að leita álitis sérfræðings er leyfilegt að halda áfram ferlinu og mæla með viðeigandi heyrnartækjum að teknu tilliti til eftirfarandi:
 - > Ráðleggingarnar munu ekki hafa nein óæskileg áhrif á heilsufar eða almenna velferð sjúklings;
 - > Sjúkraskrár staðfesta að allra leiða hefur verið leitað til að hafa hagsmuni sjúklings í forgrunni

Ef lög krefjast þess þarf sjúklingur að undirrita yfirlýsingu til að staðfesta að hann hafi tekið upplýsta ákvörðun um að leita ekki til sérfræðings.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Lestu viðeigandi öryggisupplýsingar á næstu síðum áður en þú byrjar að nota forritið.

Klínískur ávinningur:

Ávinningur forritsins er sá að notendur þess hafa möguleika á að sérstilla og vista stillingar heyrnartækja sinna eftir sínum þörfum innan þeirra marka sem upprunaleg máttun leyfir.

Forritið gerir notendum kleift að eiga samskipti við og tengjast heyrnarsérfræðingum með þægilegum hætti og fá þannig aðstoð við stillingu tækjanna gegnum fjartengingu.

Fylgikvillar:

Athugið að fylgikvillar tengjast ekki forritinu sjálfu heldur samhæfu heyrnartækjunum.

Heyrnarsérfræðingurinn getur lagfært eða dregið úr ákveðnum fylgikvillum við notkun heyrnartækja, svo sem eyrnasuði, svima, uppsöfnun eyrnamergs, of miklum þrýstingi, svita- eða rakamyndun, blöðrum, kláða og/eða útbrotum, óþægindum eða þrýstingi í hlust og afleiðingum slíkra fylgikvilla á borð við höfuðverk og/eða verk í eyrum.

Við notkun hefðbundinna heyrnartækja er hugsanlegt að sjúklingar verði fyrir aukinni hljóðútsetningu, sem getur haft í för með sér að breytingar verði á tíðnisviði af völdum hljóðáreitis.

Takmarkanir við notkun:

Notkun forritsins takmarkast af eiginleikum samhæfu heyrnartækjanna.

Tilkynna skal sérhvert alvarlegt atvik sem á sér stað við notkun forritsins til fulltrúa framleiðanda og lögbærra yfirvalda í því landi sem notandi býr. Skilgreining á því hvað telst alvarlegt atvik er atvik sem beint eða óbeint leiddi til, gæti hafa leitt til eða gæti leitt til einhvers af eftirfarandi:

- a. dauða sjúklings, notanda eða annars einstaklings
- b. tímabundinnar eða varanlegrar alvarlegrar versnunar á heilsu sjúklings, notanda eða annars einstaklings
- c. alvarlegrar ógnunar við lýðheilsu

Hafa skal samband við framleiðanda eða fulltrúa hans ef tilkynna þarf um óvænta notkun eða atvik.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Lestu viðeigandi öryggisupplýsingar á næstu síðum áður en þú byrjar að nota forritið.

Hægt er að finna notendahandbók á rafrænu formi fyrir allar útgáfur forritsins og á öllum útgefnum tungumálum á netinu. Gerðu eftirfarandi til að fá aðgang að notendahandbókum:

- Smelltu á <https://www.phonak.com/en-int/global-locations> og veldu land að eigin vali
- Smelltu á „Þjónusta“ (íslenska) eða samsvarandi atriði á öðru tungumáli
- Smelltu á „Notendahandbækur“ (íslenska) eða samsvarandi atriði á öðru tungumáli
- Smelltu á „Forrit“ (íslenska) eða samsvarandi atriði á öðru tungumáli
- Veldu „myPhonak-forritið“

Einnig er hægt að opna nýjustu útgáfu af notendahandbókmyPhonak beint í forritinu með því að fara í hlutann „Þjónusta“ og pikka á spjalðið „Notendahandbók“. Notendahandbókin opnast þá í vafraglugga.

Öryggistilkynning

Gögn um sjúklinga eru persónuupplýsingar og mikilvægt er að verja þau vel:

- Gættu þess að stýrikerfi snjallsímans sé ávallt uppfært með nýjustu öryggisuppfærslum. Leyfðu sjálfvirkar uppfærslur.
- Gættu þess að nota alltaf nýjustu útgáfu forritsins.
- Notaðu aðeins vottuð Sonova-forrit frá öruggum netverslunum með heyrnartækjunum þínum.
- Settu eingöngu upp vottuð forrit frá öruggum netverslunum.
- Gættu þess að nota örugg aðgangsorð og ekki deila innskráningarupplýsingunum þínum með öðrum
- Læstu símanum þínum með PIN-númeri og/eða lífauðkenni (fingrafar, andlitsauðkenni) og stilltu símann þannig að hann læsi sér sjálfkrafa ef hann er ekki notaður í nokkrar mínútur.
- Gættu þess að uppsett forrit hafi eingöngu nauðsynlegar heimildir.
- Forðastu að para Bluetooth við heyrnartækin þín á almenningsvæðum. Þetta er vegna hættu á óæskilegum truflunum frá þriðju aðilum. Við mælum með því að framkvæma Bluetooth-pörun heima við.
- EKKI nota farsíma sem er „jailbroken“ eða með rótaraðgangi (e. rooted)

Gættu þess að tryggja ávallt öryggi gagnanna. Hafðu í huga að þessi upptalning er ekki tæmandi.

- Þegar nauðsynlegt er að senda gögn eftir ótryggum leiðum skaltu ávallt senda ópersónugreinanleg gögn eða dulkóða þau.

- Gættu þess að verja öryggisafrit símans gegn gagnatapi og þjófnaði.
- Fjarlægðu öll gögn úr sínum sem þú notar ekki lengur eða sínum sem á að farga.

Viðhald hugbúnaðar:

Við fylgjumst í sífellu með þeirri endurgjöf sem veitt er fyrir vörur á markaði. Ef þú lendir í einhverjum erfiðleikum með nýjustu útgáfu forritsins skaltu hafa samband við fulltrúa framleiðanda á þínu svæði og/eða veita endurgjöf í Appstore- eða Google Play Store-netverslununum.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Lestu viðeigandi öryggisupplýsingar á næstu síðum áður en þú byrjar að nota forritið.



Ef stillingum er breytt, t.d. dregið úr hljóðstyrk eða hljóðdeyfing aukin, getur það aukið líkur á því að þú t.d. heyrir ekki umferðarhljóð.



Hafðu samband við næsta umboðsaðila Sonova til að fá ókeypis notkunarleiðbeiningar á pappíriformi. Afrit verður sent innan 7 daga.



Ef heyrnartækin svara ekki tækinu vegna óvenjulegra svæðistruflana skaltu færa þig af svæðinu sem truflar.



Ef heyrnartækin sýna engin viðbrögð skaltu athuga hvort slökkt sé á þeim eða rafhlaðan tóm.



Kveiktu á Bluetooth-tengingunni. Til að hægt sé að tengja heyrnartækin þarf að kveikja á Bluetooth.

Upplýsingar um samhæfi

Evrópa: Samræmisýfirlýsing

Sonova AG lýsir því hér með yfir að þessi vara uppfyllir skilyrði reglugerðar (EB) 2017/745 um lækningatæki.

Skýringar á táknum



Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé fyrir notandann að lesa og taka tillit til viðeigandi upplýsinga í þessari notendahandbók.




Þetta tákn gefur til kynna að mikilvægt sé að notandinn taki eftir viðeigandi viðvörðunum í þessari notendahandbók.



Mikilvægar upplýsingar um meðhöndlun og vöruöryggi.



Með CE-merkingunni staðfestir Sonova AG að þessi vara uppfyllir skilyrði reglugerðar (EB) 2017/745 um lækningatæki. Númerin sem fylgja CE-tákninu samsvara kóða þeirra vottuðu aðila sem haft var samráð við samkvæmt ofangreindri reglugerð.



Gefur til kynna viðurkenndan fulltrúa í Evrópusambandinu. Viðurkenndur fulltrúi í Evrópusambandinu er einnig sá aðili sem flytur tækið inn til Evrópusambandsins.



Gefur til kynna að tækið er lækningatæki



Nafn, heimilisfang,
dagsetning

Sameinað tákn sem sýnir „framleiðanda lækningatækis“ og „framleiðsludagsetningu“ eins og skilgreint er í reglugerð (EB) 2017/745



Gefur til kynna að notkunarleiðbeiningar séu tiltækar á rafrænu sniði. Hægt er að nálgast leiðbeiningar á vefsvæðinu www.phonak.com/myphonakapp



Sonova AG · Laubisrütistrasse 28
CH-8712 Stäfa · Sviss



Sonova Deutschland GmbH
Max-Eyth-Str. 20
70736 Fellbach-Oeffingen · Þýskaland

V4.00/2023-02/NLG © 2022-2023 Sonova AG All rights reserved

Þessi notendahandbók á við um myPhonak 6.4.0 og nýrri undirútgáfur myPhonak 6-forrísins.

Ef þú vilt fá notendahandbók fyrir eldri útgáfur forrísins skaltu hafa samband við söluaðila á þínu svæði eða leita upplýsinga á vefsvæðinu.

